

**Aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu frjáls og opins  
hugbúnaðar hjá opinberum aðilum**

**Forsætisráðuneyti**  
Mars 2011

Útgefandi: Forsætisráðuneyti  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
150 Reykjavík

Sími: 545 8400

Netfang: [postur@for.stjr.is](mailto:postur@for.stjr.is)

Veffang: <http://forsaetisraduneyti.is>

Febrúar 2011

# Efnisyfirlit

---

<b>Formáli</b>	<b>iii</b>
<b>Orðskýringar</b>	<b>v</b>
Frjáls hugbúnaður . . . . .	v
Opinn hugbúnaður . . . . .	v
Séreignarhugbúnaður . . . . .	vi
Opnir staðlar . . . . .	vi
<b>1 Aðgerðaáætlun</b>	<b>1</b>
1.1 Stuðningur við opinbera aðila . . . . .	1
1.2 Miðlun upplýsinga . . . . .	2
1.3 Innkaup og endurnýting hugbúnaðar hjá opinberum aðilum . . . . .	3
<b>2 Frjáls hugbúnaður sem valkostur við annan hugbúnað</b>	<b>5</b>
<b>Viðaukar</b>	<b>6</b>
<b>A Nánari lýsing á aðgerðum</b>	<b>7</b>
A.1 Aðgerðir í tengslum við stuðning við opinbera aðila . . . . .	7
A.2 Aðgerðir í tengslum við miðlun upplýsinga . . . . .	8
A.3 Aðgerðir í tengslum við innkaup og endurnýtingu hugbúnaðar . . . . .	10
<b>B Nánari lýsing á tilmælum</b>	<b>13</b>
B.1 Tilmæli í tengslum við miðlun upplýsinga . . . . .	13
B.2 Tilmæli í tengslum við innkaup . . . . .	14
<b>C Skipunarbréf</b>	<b>15</b>
<b>D Listi yfir aðila sem komu á fund vinnuhóps</b>	<b>17</b>
D.1 Opinberir aðilar . . . . .	17
D.2 Einkaaðilar . . . . .	17



# Formáli

---

Stefna stjórnvalda um frjálstan og opin hugbúnað<sup>1</sup> sem samþykkt var í ríkisstjórn Íslands í mars 2008<sup>2</sup> er eftirfarandi:

1. Gæta skal þess að gefa frjálsum hugbúnaði sömu tækifæri og séreignarhugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði og ávallt leitast við að gera sem hagstæðust innkaup.
2. Leitast verði við að velja hugbúnað sem byggist á opnum stöðlum, hvort heldur um staðlaðan búnað er að ræða eða sérsníðaðan. Opnir staðlar eru yfirleitt ráðandi í frjálsum hugbúnaði.
3. Stefnt verði að því að opinberir aðilar verði ekki of háðir einstökum hugbúnaðarframleiðendum og þjónustuaðilum. Notkun frjáls hugbúnaðar er liður í því.
4. Stefnt skal að því að hugbúnaður sem smíðaður er og fjármagnaður af opinberum aðilum, m.a. í rannsóknar- og þróunarverkefnum, verði endurnýtanlegur. Liður í því er að hugbúnaðurinn sé frjáls. Í upphafi slíkra verkefna skal gera áætlun um endurnýtingu hugbúnaðarins.
5. Stuðlað verði að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynnast og nota frjálstan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.

Frá því stefnan var samþykkt hefur frjáls hugbúnaður enn frekar fest sig í sessi sem raunhæfur kostur við val á lausnum í upplýsingatækni. Margar opinberar stofnanir íhuga að taka upp frjálstan hugbúnað og hafa fjölmargar þegar hafið notkun á slíkum hugbúnaði. Samvinna opinberra aðila er nauðsynleg ef árangur á að nást í þessum málum.

Í ljósi þessa ákvað forsætisráðuneytið að skipa vinnuhóp um innleiðingu frjáls hugbúnaðar í opinberri stjórnslu vorið 2010. Vinnuhópnum var ætlað að gera tillögur að aðgerðaáætlun sem styður stefnu stjórnvalda og gera langtímaáætlun um innleiðingu á frjálsum og opnum hugbúnaði í opinberri stjórnslu. Eftirfarandi aðilar störfuðu í hópnum:

- Haraldur Bjarnason, sem jafnframt var formaður, tilnefndur af fjármálaráðuneyti,
- Björn Jónsson, tilnefndur af heilbrigðisráðuneyti,
- Björn Sigurðsson, tilnefndur af forsætisráðuneyti,
- Hjörtur Grétarsson, tilnefndur af samtökum sveitarfélaga,
- Kristín Jónsdóttir, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ásta Valdimarsdóttir, tilnefnd af efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Hugi Þórðarson, tilnefndur af samgönguráðuneyti, voru skipuð í nefndina og tóku þátt í starfi hennar í upphafi. Björn Jónsson var skipaður í nefndina síðar. Tryggvi Björgvinsson, frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, starfaði með hópnum.

---

<sup>1</sup>Í þessu skjali er hugtakið frjáls hugbúnaður notað sem samheiti yfir það sem á ensku kallast free software og open source software

<sup>2</sup>Frjáls og opin hugbúnaður - Stefna stjórnvalda. Forsætisráðuneyti. Desember 2007. [http://www.forsaetisraduneyti.is/media/verkefnisstjorn-radstefna-rafraen-framtid/Frjals\\_og\\_opinn\\_hugbunadur\\_-\\_Stefna\\_stjornvalda.pdf](http://www.forsaetisraduneyti.is/media/verkefnisstjorn-radstefna-rafraen-framtid/Frjals_og_opinn_hugbunadur_-_Stefna_stjornvalda.pdf)

Við gerð tillögu að aðgerðaáætlun hefur nefndin litið til reynslu af innleiðingu frjáls hugbúnaðar, bæði innanlands og utan. Nefndin hefur jafnframt hitt fjölmarga sérfræðinga frá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum til að fá góða yfirsýn yfir stöðuna og möguleikum.

Vinnuhópurinn kynnti sér efni sem þegar hefur verið unnið af stjórnvöldum og er aðgengilegt sem Handbók um stafrænt frelsi á *UT vefnum*<sup>3</sup>. Á þeim vef má meðal annars finna umfjöllun um aðgerðir annarra landa á þessu sviði ásamt upplýsingum um frumgerðaverkefni og reynslusögur opinberra aðila.

Nokkur fyrirtæki sem starfa við þjónustu á frjálsum hugbúnaði kynntu sína starfsemi og reynslu af slíkum hugbúnaði. Fyrirtækin voru bæði smá og stór og buðu upp á þjónustu við ýmsar tegundir hugbúnaðar. Að mati nefndarinnar er ljóst að talsvert framboð er af þjónustu við frjálsan hugbúnað og margir valmöguleikar á lausnum á því sviði.

Ríkisendurskoðun kynnti leiðbeiningarit sitt um frjálsan og opinn hugbúnað<sup>4</sup> og hópurinn ræddi við Ríkiskaup meðal annars um möguleika á leiðbeiningum um innkaup og rammasamninga.

Nefndin telur að stefnan frá 2008 sé mjög góður grunnur til að byggja á. Tillögur nefndarinnar að aðgerðaráætlun eru margþættar en má skipta í þrjá meginflokka:

- Stuðningur við opinbera aðila (1.1).
- Miðlun upplýsinga (1.2).
- Innkaup og endurnýting hugbúnaðar hjá opinberum aðilum (1.3).

Þessum aðgerðum er lýst nánar sem og tengdum undiraðgerðum. Fyrir hverja aðgerð eru tilgreind markmið, ástæður sem liggja að baki, sem og tímarammi með skilgreindum verklokum og ábyrgðaraðila. Jafnframt eru tillögur að tilmælum í tengslum við aðgerðirnar þar sem það á við.

Vinnuhópurinn mun fylgja aðgerðaáætluninni eftir og bera ábyrgð á framvindu hennar. Samhliða framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar mun hópurinn vinna að langtímaáætlun með framtíðarsýn um innleiðingu frjáls hugbúnaðar hjá opinberum aðilum. Áætlunin mun verða sett fram árið 2012, þegar flestum aðgerðum er lokið og reynsla komin af framkvæmd þeirra.

<sup>3</sup>Handbók um stafrænt frelsi [http://www.ut.is/Stafrænt\\_frelsi](http://www.ut.is/Stafrænt_frelsi)

<sup>4</sup>Frjáls og opinn hugbúnaður, leiðbeiningarit. Ríkisendurskoðun. Mars 2009. [http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Frjals\\_og\\_opinn\\_hugbunadur\\_01.pdf](http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Frjals_og_opinn_hugbunadur_01.pdf)

# Orðskýringar

---

## Frjáls hugbúnaður

Með frjálsum hugbúnaði (*e. free software*) er átt við hugbúnað sem veitir notanda hugbúnaðarins leyfi til þess að:

1. Nota hugbúnaðinn á þann hátt sem notandinn kys.
2. Kynna sér hugbúnaðinn, læra af honum og aðlaga að sínum þörfum.
3. Dreifa hugbúnaðinum til að hjálpa náunganum.
4. Bæta hugbúnaðinn og dreifa þeim viðbótum til samfélagsins.

Varast skal að taka því þannig að frjáls hugbúnaður sé ókeypis hugbúnaður þó svo að hugbúnaðurinn sé oftast ódýrari en séreignarhugbúnaður. Orðið *free*, í enska hugtakinu, tekur til frelsis notenda en ekki verðs til notenda.

## Opinn hugbúnaður

Þegar talað er um opinn hugbúnað (*e. open source software*) er átt við hugbúnað sem er þróaður með opnum og aðgengilegum hætti þar sem hugbúnaðurinn og frumkóti<sup>5</sup> hans er gerður aðgengilegur á Netinu. Leyfi opins hugbúnaðar eru háð ákveðnum skilyrðum sem þau verða að uppfylla:

1. Leyfið á ekki að hindra neinn í að selja eða gefa hugbúnaðinn.
2. Hugbúnaðurinn verður að innihalda frumkóta hugbúnaðarins og gera mögulegt að dreifa bæði frumkóta og þýddu forriti.
3. Leyfið verður að heimila breytingar og afleidd verk dreifðum með sömu dreifingarskilmálum.
4. Leyfið má hamla dreifingu á breyttum frumkóta en aðeins ef leyfið heimilar sjálfstæða dreifingu sérstakra skráa sem breyta frumkótanum. Með því getur upprunalegur höfundur haldið utan um og gefa út sína eigin útgáfu en öðrum er frjálst að halda utan um breytingar.
5. Leyfið má ekki mismuna ákveðnum einstaklingum eða hópum.
6. Leyfið má ekki hamla notkun hugbúnaðarins undir neinum kringumstæðum.
7. Réttindin sem fylgja hugbúnaðinum verða að geta fylgt hugbúnaðinum án þess að gefa þurfi sérstakt leyfi.
8. Réttindin sem fylgja hugbúnaðinum mega ekki vera takmörkuð við neina ákveðna vöru.
9. Leyfið má ekki setja hömlur á annan hugbúnað sem dreift er samhliða hugbúnaðinum.
10. Leyfið má ekki tengjast ákveðinni tækni eða viðmóti.

---

<sup>5</sup>Frumkóti er íslenska orðið fyrir source code sem notað er í þessu skjali

## Séreignarhugbúnaður

Með séreignarhugbúnaði er átt við hugbúnað þar sem hugbúnaðarframleiðandi heldur eftir eignar-, breytingar- og dreifingarrétti að hugbúnaðinum eins og kveðið er á um í höfundalögum. Séreignarhugbúnaður gefur í flestum tilfellum notendum aðeins leyfi til afnota af hugbúnaðinum.

Séreignarhugbúnaður getur líkt og frjáls hugbúnaður, verið ókeypis og er þá nefndur gjafbúnaður (*e. freeware*). Gjafbúnaður getur veitt notendum meira frelsi en annar séreignarhugbúnaður eins og til dæmis frjálsan dreifingarrétt en telst þrátt fyrir það ekki vera frjáls hugbúnaður. Annað form séreignarhugbúnaðar er valgreiðslubúnaður (*e. shareware*). sem er hugbúnaður sem gefur notendum möguleika á að prófa hugbúnað í tiltekinn tíma eða prófa einungis ákveðinn hluta af hugbúnaðinum en gefur notendum kost á að greiða fyrir frekari notkun eða fyrir alla virkni hugbúnaðarins.

Eins og fram hefur komið telst gjafbúnaður, þótt slíkur hugbúnaður sé ókeypis, ekki vera frjáls hugbúnaður. Hugbúnaður telst ekki frjáls nema notendum hugbúnaðarins sé tryggt það frelsi sem kemur fram í þeim fjórum liðum sem einkenna frjálsan hugbúnað.

## Opnir staðlar

Opnir staðlar hafa enga formlega skilgreiningu en þær skilgreiningar sem hafa verið gefnar út ganga allar út á sömu grunnálgun; óheftan og ótakmarkaðan aðgang að stöðlum. Eftirfarandi skilgreining Evrópusambandsins um opinn staðal er vel framsett og byggir á skilgreiningu danska ríkisins:

- Staðallinn hefur verið tekinn upp og er viðhaldið af samtökum ekki eru rekin í fjárhagslegum tilgangi. Áframhaldandi þróun fer fram á grundvelli opinna ákvarðanatöku sem er aðgengileg öllum áhugasömum aðilum (til dæmis kosningu eða öðrum þess háttar aðferðum).
- Staðallinn hefur verið birtur opinberlega og staðlalyfingin sjálf er aðgengileg annaðhvort ókeypis eða gegn vægu gjaldi. Allir hafa leyfi til þess að afrita, dreifa og nota staðalinn frítt eða gegn vægu gjaldi.
- Hugverk í staðlinum eða í hluta af staðlinum, sem meðal annars geta verið háð einkaleyfum eða öðrum hugverkarétti, eru gerð aðgengileg og afnot leyfileg án gjaldtöku.
- Engar kvaðir eru varðandi endurnýtingu staðalsins.



# 1 Aðgerðaáætlun

---

## 1.1 Stuðningur við opinbera aðila

### 1.1.1 Lýsing

Mikilvægt er að samræma aðgerðir við innleiðingu frjáls hugbúnaðar hjá opinberum aðilum og aðstoða við innleiðingu. Verkefnastýring aðgerðaráætlunarinnar og framkvæmd miðlægra aðgerða er lykilþáttur í árangri við innleiðingu frjáls hugbúnaðar hjá opinberum aðilum. Vegna þess er lagt til að sett verði á laggirnar tímabundið stöðugildi fyrir verkefnastjóra sem er ætlað að sinna þessum verkefnum. Mikilvægt er að verkefnastjóri fái stuðning stjórnáætlunarinnar og því er lagt til að myndaður verði hópur sérfræðinga sem ætlað er að styðja verkefnastjóra í sínu starfi og vera ráðgefandi fyrir hann.

### 1.1.2 Markmið

Helstu markmið með stuðningi við opinbera aðila er að:

- Aðstoða opinbera aðila við innleiðingu frjáls hugbúnaðar (A.1.3, A.1.2).
- Samræma aðgerðir við innleiðingu frjáls hugbúnaðar (A.1.3, A.1.1).

### 1.1.3 Ástæður

Víða erlendis hafa stjórnvöld annaðhvort sett á laggirnar eða fjármagnað miðstöðvar sem aðstoða opinbera aðila við að innleiða frjálsan hugbúnað. Í Noregi er starfrækt miðstöðin Nasjonalt kompetenssenter for fri programvare eða friprogsenteret sem er fjármagnað bæði af nýsköpunar- og stjórnáætlunaráðuneyti og menntamálaráðuneyti Noregs. Friprogsenteret skipuleggur árlega ráðstefnuna GoOpen þar sem aðilar úr opinbera og einkageiranum hittast og styrkja tengslanet sitt í kringum frjálsan og opinn hugbúnað.

Í Þýskalandi starfar miðstöðin Kompetenzzentrum Open-Source-Software, skammstafað CC OSS, sem vinnur að innleiðingu og fræðslu um frjálsan og opinn hugbúnað. CC OSS er hluti af skrifstofu upplýsingatækni sem heyrir undir stjórnáætlunarskrifstofu þýskra stjórnvalda. CC OSS heldur úti vefsíðu með fréttum um frjálsan og opinn hugbúnað, yfirliti yfir verkefni í Þýskalandi, spjallvef og fleira.

Vegna smæðar Íslands er ekki lagt til að stofnuð verði sérstök skrifstofa eða stofnun um innleiðingu og fræðslu um frjálsan hugbúnað. Aftur á móti er lagt til að ráða verkefnastjóra til að aðstoða opinbera aðila við að afla upplýsinga, velja og innleiða frjálsan hugbúnað. Einnig er lagt til að myndaður verði sérfræðihópur sem hafi það hlutverk að styðja við verkefnastjóra í sínu starfi.

### 1.1.4 Aðgerðir

- Sérfræðingahópur í innleiðingu á frjálsum hugbúnaði verði settur á fót (A.1.1).
- Stærstu opinberu aðilarnir verði til fyrirmyndar í innleiðingu á frjálsum hugbúnaði (A.1.2).
- Ráðinn verði verkefnastjóri fyrir innleiðingu frjáls hugbúnaðar (A.1.3).

## 1.2 Miðlun upplýsinga

### 1.2.1 Lýsing

Mikilvægt er að opinberir aðilar miðli þekkingu um frjálsan hugbúnað innan og utan stjórnarsýslunnar. Miðlun getur farið fram með ýmsum hætti: Á vefnum, ráðstefnum, fundum eða eftir öðrum leiðum. Einn mikilvægasti þáttur í miðlun er vefsvæði með fræðsluefni, reynslusögum og upplýsingum. Vefsvæðið á einnig að þjóna sem samráðsvettvangur og þróunarsvæði fyrir íslenskan frjálsan hugbúnað.

### 1.2.2 Markmið

Helstu markmið fyrir miðlun eru að:

- Skapa vettvang sem auðveldar aðgang að ítarlegum upplýsingum, fræðsluefni, leiðbeiningum og reynslusögum tengdum frjálsum hugbúnaði (A.2.5, A.2.1, A.2.7, A.2.4, A.2.6, A.2.2).
- Miðla þekkingu milli opinberra aðila, meðal annars með því að veita starfsfólki opinberra stofnana aðgang að sérfræðingum utan og innan stjórnarsýslunnar (A.2.3).

### 1.2.3 Ástæður

Mikilvægt er að opinberir aðilar miðli sín á milli upplýsingum um notkun og reynslu tengdri frjálsum hugbúnaði með þægilegum og miðlægum hætti. Fram til þessa hefur ekki tekist nægilega vel að miðla upplýsingum og líkur eru á því að hagnýtar upplýsingar fari forgörðum. Með betra upplýsingaflæði skapast möguleiki á nýjum samstarfsgrundvelli milli opinberra aðila.

Með miðlægu vefsvæði, til dæmis UT vefnum<sup>1</sup>, skapast aðstaða þar sem forstöðumenn, kerfisstjórar og aðrir starfsmenn opinberra stofnana geta nálgast upplýsingar um frjálsan hugbúnað og miðlað reynslu sinni.

### 1.2.4 Aðgerðir

- Tekinn verði saman listi yfir aðgerðir hjá opinberum aðilum sem tengjast frjálsum hugbúnaði (A.2.1).
- Haldnar verði ráðstefnur um notkun og innleiðingu á frjálsum hugbúnað hjá opinberum aðilum (A.2.2).
- Sett verði upp spurt og svarað kerfi í samvinnu við frjálsa hugbúnaðarnotendur á Íslandi (A.2.3).
- Upplýsingar og gátlistar fyrir val á frjálsum hugbúnaði verði birtir (A.2.4).
- Upplýsingum um frjálsan hugbúnað verði miðlað á vefsvæði (A.2.5).
- Skapaður verði vettvangur fyrir samstarf og samskipti opinberra aðila (A.2.6).
- Upplýsingum um frjálsan hugbúnað sem er valkostur við séreignarhugbúnað verði viðhaldið (A.2.7).

### 1.2.5 Tilmæli til opinberra aðila

- Námsgagnastofnun taki tillit til frjáls hugbúnaðar í námsefni (B.1.1).
- Opnir staðlar notaðir í opinberri stjórnarsýslu (B.1.2).
- Endurgjöf og stuðningur við frjáls hugbúnaðarverkefni (B.1.3).

---

<sup>1</sup><http://ut.is>

## 1.3 Innkaup og endurnýting hugbúnaðar hjá opinberum aðilum

### 1.3.1 Lýsing

Í stefnu stjórnvalda um frjálstan og opinn hugbúnað er bent á mikilvægi þess „að gefa frjálsum hugbúnaði sömu tækifæri og séreignarhugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði og að ávallt skuli leitast við að gera sem hagstæðust innkaup“. Í stefnunni kemur einnig fram að stefna skuli að því „að hugbúnaður sem smíðaður er og fjármagnaður af opinberum aðilum, m.a. í rannsóknar- og þróunarverkefnum, verði endurnýtt-anlegur. Liður í því er að hugbúnaðurinn sé frjáls. Í upphafi slíkra verkefna skal gera áætlun um endurnýtingu hugbúnaðarins.“

### 1.3.2 Markmið

Helstu markmið með innkaupum og endurnýtingu eru:

- Hagkvæmari innkaup (A.3.5, A.3.7).
- Endurnýta vinnu sem tengist hugbúnaði sem þróaður er af eða fyrir opinbera aðila (A.3.8, A.3.6).
- Betri nýting fjármuna þar sem komið er í veg fyrir að stofnað sé til samskonar kostnaðar víða í stjórn-sýslunni (A.3.3, A.3.2).
- Gera menntakerfið í landinu óháð tilteknum hugbúnaðarlausnum (A.3.4, A.3.1).

### 1.3.3 Ástæður

Hugbúnaðarþróun og hugbúnaðarkaup eru stór útgjaldaliður hjá opinberum aðilum og því mikilvægt að hon-um sé stýrt með eins skilvirkum hætti og mögulegt er. Samræming á innkaupum og endurnýting fjárfestinga er mikilvægur liður í því. Einn af kostum frjáls hugbúnaðar eru möguleikar á endurnýtingu og er mikilvægt að nýta þann kost til hins ítrasta.

### 1.3.4 Aðgerðir

- Aukin áhersla verði sett á frjálstan hugbúnað í háskólum landsins (A.3.1).
- Valið verði frjálst hugbúnaðarleyfi fyrir opinbera aðila (A.3.2).
- Framkvæmd verði könnun um notkun hugbúnaðar í opinberum rekstri (A.3.3).
- Séð verði til þess að námskrá grunn- og framhaldsskóla geri ráð fyrir notkun á frjálsum hugbúnaði í skólastarfi (A.3.4).
- Útbúinn verði rammamningur fyrir þjónustu á hugbúnaði (A.3.5).
- Samnýtanlegt og opið þýðingarminni vegna þýðinga á hugbúnaði og leiðbeiningum verði gert aðgengi-legt (A.3.6).
- Útbúnaar verði leiðbeiningar og fræðslufni fyrir frjálstan hugbúnað (A.3.7).
- Stofnað verði vefsvæði fyrir frumkóta (e. source code) opinberra aðila (A.3.8).

### 1.3.5 Tilmæli til opinberra aðila

- Frjáls hugbúnaður nýtur forgangs í styrkjaúthlutunum (B.2.1).
- Hugbúnaður sem er þróaður fyrir opinbert fé verði frjáls hugbúnaður (B.2.2).
























































## 2 Frjáls hugbúnaður sem valkostur við annan hugbúnað

Hópnum var meðal annars falið að gera tillögur um val á hugbúnaði sem er vel til þess fallinn að nota í opinberum rekstri. Hópurinn kynnti sér ýmsar hugbúnaðarlausnir með það að markmiði að leggja fram lista yfir hugbúnað sem gæti verið valkostur fyrir opinbera aðila. Hann komst að þeirri meginniðurstöðu að erfitt sé að alhæfa um ákveðinn hugbúnað eða lausnir þar sem þarfir aðila eru misjafnar og margar ólíkar lausnir til. Framboð á hugbúnaði er einnig breytilegt og væri því heppilegra að þannig yfirlit væri sett fram þar sem það gæti tekið breytingum. Vegna þessa leggur hópurinn til að umfjöllun um þessi mál verði sett fram á vef um frjálsan hugbúnað þar sem valkostir verða kynntir, hver og einn með sérúmfjöllun. Stofnanir verða hvattar til þess að setja fram upplýsingar um þeirra reynslu tengda viðkomandi hugbúnaði og hvernig hann nýtist. Síðunni yrði viðhaldið af verkefnastjóra í samstarfi við aðila innan stjórnarsýslunnar sem og utan hennar.

















































Að þessu sögðu ákvað hópurinn þó að setja fram fyrstu drög að valmöguleikum fyrir algengan hugbúnað hjá opinberum aðilum. Drögin, sem má sjá í töflu 2.1, endurspeгла hugbúnað sem reynsla er af hjá Reykjavíkurborg og Landspítalanum og er hægt að nota sem fyrstu tillögu á umræddu vefsvæði.


**Tafla 2.1:** Listi yfir algengan frjálsan hugbúnað hjá opinberum aðilum og hliðstæðar séreignarlausnir

Hugbúnaðarkerfi	Frjálsar lausnir	Séreignarlausnir
<i>Gagnagrunnar</i>	MySQL   PostgreSQL  SQLite 	IBM DB2  Microsoft Access   Microsoft SQL   Oracle  
<i>Hljóð og tónlist</i>	Audacity   VLC  	iTunes  QuickTime  RealPlayer Gold  Windows Media Player  
<i>Hugarkort</i>	FreeMind  xMind  	MindManager  
<i>Málaskrá</i>	Idega Platform 	Confluence  GoPro   Sharepoint  
<i>Myndvinnsla</i>	GIMP   TuxPaint 	ACDSee  Adobe Photoshop   Google Picasa (gjafbúnaður)   PaintShop Pro  Paint.net (gjafbúnaður) 
<i>Neteftirlit</i>	Nagios   Netvik   OpenAudit  Sysvik  	
<i>PDF vinnsla</i>	Inkscape 	Adobe Writer   Foxit Reader (gjafbúnaður)  

Tafla heldur áfram á næstu síðu...

Tafla 2.1 – framhald

Hugbúnaðarkerfi	Frjálsar lausnir	Séreignarlausnir
Samþætting	JBoss 	WebMethods 
Skrifstofuvinna	OpenOffice.org  	Microsoft Office  
Stýrikerfi netþjóna	Centos   Red Hat   Novell SUSE 	Novell  Microsoft Windows Server  
Stýrikerfi útstöðva	Fedora  Ubuntu 	MacOS X  Microsoft Windows 7  
Tölvupóstur	Zimbra 	Lotus Notes   Microsoft Outlook 
Vafrar	Mozilla Firefox  	Google Chrome   Microsoft Internet Explorer   Safari 
Vefumsjón	DotNetNuke  Drupal   Joomla 	ContentXXL 
Vefþjónar	Apache  	Microsoft IIS   Oracle HTTP Server 
Verkefnastjórnun	OpenProj 	Microsoft Project 
Vírusvörn	Clam Antivirus  Mailscanner  SQLGray  	ForeFront  Trend 

 Notað af Landspítala Notað af Reykjavíkurborg

# Viðauki A

## Nánari lýsing á aðgerðum

---

### A.1 Aðgerðir í tengslum við stuðning við opinbera aðila

#### A.1.1 Sérfræðingahópur í innleiðingu á frjálsum hugbúnaði verði settur á fót

**Lýsing:** Teymi fulltrúa frá opinberum aðilum er ætlað að starfa sem sérfræðihópur með það meginhlutverk að styðja verkefnastjóra frjáls hugbúnaðar. Sérfræðihópurinn hittist reglulega með verkefnastjóra til að fara yfir stöðu innleiðingar.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Styðja verkefnastjóra innleiðingarinnar og aðstoða hann við að sinna sínu starfi.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Sérfræðingahópur starfar í allt að eitt ár.

#### A.1.2 Stærstu opinberu aðilarnir verði til fyrirmyndar í innleiðingu á frjálsum hugbúnaði

**Lýsing:** Forsenda árangurs við innleiðingu á frjálsum hugbúnaði er að stærstu aðilar innan ríkis og sveitarfélaga styðji þessar áherslur í verki. Því hefur Stjórnarráðið, Reykjavíkurborg og Landspítalinn tekið frumkvæði í þessum efnum með það að markmiði að verða til fyrirmyndar við innleiðingu á frjálsum hugbúnaði. Þetta felur meðal annars í sér að þessir aðilar greini eigin hugbúnaðarnotkun, listi tækifæri til innleiðingar á frjálsum hugbúnaði og taki í framhaldi af því ákvarðanir um innleiðingu á frjálsum hugbúnaði eftir því sem kostur er. Haft verður að leiðarljósi að nýta frjálsan hugbúnað þar sem því verður við komið. Þessir stóru aðilar eru jafnframt tilbúnir að miðla af reynslu sinni til annarra aðila, innan ríkis og sveitarfélaga.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Að Stjórnarráðið, Reykjavíkurborg og Landspítalinn verði til fyrirmyndar í innleiðingu á frjálsum hugbúnaði sem ríkisstofnanir og sveitarfélög geta horft til og lært af.

**Ábyrgðaraðili:** Stjórnarráðið, Reykjavíkurborg og Landspítalinn.

**Tímarammi:** Allt ár 2011.

**Skilgreind verklok:** Þessir aðilar hafi greint eigin hugbúnaðarnotkun og útbúið lista yfir möguleg tækifæri á notkun frjáls hugbúnaðar. Innleiðing verði hafin á slíkum hugbúnaði í samræmi við áætlun.

#### A.1.3 Ráðinn verði verkefnastjóri fyrir innleiðingu frjáls hugbúnaðar

**Lýsing:** Verkefnastjóra er ætlað að aðstoða opinberar stofnanir við innleiðingu á frjálsum hugbúnaði. Verkefnastjórinn skal einnig sjá til þess að aðgerðaáætluninni sé fylgt eftir. Hann mun starfa með opinberum stofnunum og miðla upplýsingum til að koma í veg fyrir að stofnanir greiði fyrir vöru og þjónustu sem þegar hefur verið greitt fyrir af öðrum stofnunum. Starfið felur auk þess í sér uppfærslu og viðhald á ýmsum vefsvæðum og síðum sem aðstoða opinberar stofnanir að mynda sér skoðun á frjálsum hugbúnaði.

**Forkröfur:** Fjárveiting sem nemur árslaunum eins starfsmanns.

**Markmið:** Stuðla að skilvirkri innleiðingu frjáls hugbúnaðar hjá opinberum aðilum.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Verkefnastjóri ráðin til eins árs. Að því loknu er staðan endurskoðun.

## A.2 Aðgerðir í tengslum við miðlun upplýsinga

### A.2.1 Tekinn verði saman listi yfir aðgerðir hjá opinberum aðilum sem tengjast frjálsum hugbúnaði

**Lýsing:** Aðgerðir og verkefni sem tengjast innleiðingu á frjálsum hugbúnaði hjá opinberum aðilum eru gerðar aðgengilegar á opnu vefsvæði og opinberum aðilum boðið að taka þátt í umræðum og nánari útfærslum í tengslum við aðgerðirnar. Auk þess er öllum opinberum aðilum boðið að bæta eigin aðgerðum við listann þannig að aðrir opinberir aðilar geti séð og jafnvel tekið þátt í aðgerðum.

**Forkröfur:** Vefhýsing.

**Markmið:** Auðvelda opinberum aðilum sem eru að vinna að sömu verkefnum við innleiðingu á frjálsum hugbúnaði að nýta það sem aðrir eru að vinna að og/eða taka þátt í verkefnum þeirra. Auka sýnileika verkefna sem opinberir aðilar vinna að og tengjast frjálsum hugbúnaði.

**Ábyrgðaraðili:** Verkefnastjóri.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Aðgerðir hafa verið gerðar aðgengilegar á vefsvæði.

### A.2.2 Haldnar verði ráðstefnur um notkun og innleiðingu á frjálsum hugbúnað hjá opinberum aðilum

**Lýsing:** Haldnar ráðstefnur þar sem kerfisstjórum, stjórnendum og fleirum gefst kostur á að ræða saman um reynslu af frjálsum hugbúnaði og einstaka útfærslum í málstofum sem blandað er saman við kynningar frá starfsmönnum stofnana, stöðukynningum verkefnastjóra og vinnuhóps um innleiðingu.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Skapa vettvang þar sem kerfisstjórar og stjórnendur ríkisstofnana og sveitarfélaga geta skipst á upplýsingum og reynslusögum um frjálsum hugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Allt ár 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar ráðstefna hefur verið haldin tvisvar sinnum.

### A.2.3 Sett verði upp spurt og svarað kerfi í samvinnu við frjálsa hugbúnaðarnotendur á Íslandi

**Lýsing:** Sett á laggirnar spurt og svarað kerfi á vefsvæði innleiðingarverkefnisins. Slík kerfi eru til sem frjálsa hugbúnaður en þó þarf að aðlaga það betur að innleiðingarverkefni stjórnvalda. Unnið verður að spurt og svarað kerfinu í samvinnu við áhugafólk um frjálsum hugbúnað (frjálsa samfélagið) og fyrirtæki sem vilja koma að verkefninu og aðstoða stofnanir.

**Forkröfur:** Fjárveiting til hugbúnaðarþróunar.

**Markmið:** Þjóða upp á vettvang þar sem opinberir aðilar geta spurt spurninga um innleiðingu og notkun á frjálsum hugbúnaði. Byggja upp þekkingarbrunn um frjálsum hugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Verkefnastjóri.

**Tímarammi:** Seinni hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar spurt og svarað kerfi hefur verið sett á laggirnar og komið í almenna notkun.

### A.2.4 Upplýsingar og gátlistar fyrir val á frjálsum hugbúnaði verði birtir

**Lýsing:** Gera leiðbeiningar og mat við val á frjálsum hugbúnaði. Huga að viðeigandi þroskastigslíkani (e. maturity model) sem getur metið þroska frjálsa hugbúnaðar á ásættanlegan hátt og þannig aðstoðað verkefnastjóra og opinbera aðila að meta frjálsum hugbúnað. Þarfir og upplýsingar sem eiga við um alla eða flesta opinbera aðila



eru tilgreindar til auðvelda notkun þroskastigslíkansins. Verkefnastjóri safnar saman öllum ífylltum þroskastigslíkönunum til samnýtingar fyrir opinberra aðila og útbýr gátlista fyrir stofnanir sem og almennar upplýsingar um hugbúnaðarval.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Gera leiðbeiningar, gátlista og “þroskastigslíkans” fyrir hugbúnað fyrir opinberra aðila svo þeir eigi auðveldara með að velja hugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Verkefnastjóri.

**Tímarammi:** Allt ár 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar þroskastigslíkan hefur verið fundið og sameiginlegar þarfir opinberra aðila tilgreindar. Auk þess verður útbúinn gátlisti þar sem líkani og lista fylgi leiðbeiningar.

#### A.2.5 Upplýsingum um frjálsan hugbúnað verði miðlað á vefsvæði

**Lýsing:** Á þessu vefsvæði yrði meðal annars listi yfir hugbúnað sem gæti gagnast opinberum aðilum. Þar væri einnig sett inn samantekt á frjálsri hugbúnaðarnotkun hjá opinberum aðilum, tillögur um ákveðinn frjálsan hugbúnað og leiðbeiningar. Á svæðinu geta aðilar miðlað reynslusögum og jafnvel rætt þessi málefni á umræðusvæðum. Á *UT vefnum* er svæði um frjálsan hugbúnað sem lagt er til að verði grunnur að þessu svæði.

**Forkröfur:** Vefhýsing og fjármagn til þess.

**Markmið:** Auka þekkingu á frjálsum og opnum hugbúnaði hjá opinberum aðilum og veita stuðning við notkun slíks hugbúnaðar.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar fyrsta útgáfa vefsvæðisins er komin í notkun.

#### A.2.6 Skapaður verði vettvangur fyrir samstarf og samskipti opinberra aðila

**Lýsing:** Skapa vettvang þar sem hægt er að skiptast á skoðunum og upplýsingum, þiggja og veita ráð og kanna samstarfsgrundvöll fyrir opinberra aðila. Verkefnastjóri hefur umsjón með samráðsvettvangnum og leiðir umræðurnar til að byrja með. Vettvangurinn skal auglýstur meðal opinberra aðila til að draga inn eins marga þátttakendur og mögulegt er. Hann skal sérstaklega auglýstur meðal forstöðumanna stofnananna og þeir beðnir um að taka þátt.

**Forkröfur:** Hýsing.

**Markmið:** Skapa sjálfbæran samstarfsvettvang fyrir opinberra aðila, með það að markmiði að innleiðing og notkun frjáls hugbúnaðar verði viðvarandi og dragi úr kostnaði.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti

**Tímarammi:** Seinni hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Virkum samskiptum og samstarfi milli opinberra aðila hefur verið komið á og auglýst meðal þeirra.

#### A.2.7 Upplýsingum um frjálsan hugbúnað sem er valkostur við séreignarhugbúnað verði viðhaldið

**Lýsing:** Á sérstöku vefsvæði verður listi með frjálsum hugbúnaðarlausnum sem eru valkostur við séreignarlausnir. Listanum gæti til dæmis verið viðhaldið á kvikusvæði (e. wiki). Reykjavíkurborg og Landspítali hafa þegar hafið verkið og tekið saman þær frjálstu lausnir sem eru notaðar þar með góðum árangri. Mikilvægt er að fram komi hvaða þarfir frjálsu lausnirnar uppfylla og viðeigandi þroskastigslíkan látið fylgja með þannig að opinberar stofnanir eigi auðveldara með að gera upp hug sinn um frjálsan hugbúnað sem getur verið valkostur við þann séreignarhugbúnað sem notaður er í stofnununum.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Auðvelda opinberum stofnum að finna frjálsan hugbúnað sem uppfyllir þarfir þeirra og getur hugsanlega komið í stað séreignarhugbúnaðar.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar settur hefur verið upp listi af frjálsum hugbúnaði sem nota má sem valkost við séreignarhugbúnað á vefsvæði og búið að koma á leið til þess að koma tillögum að öðrum frjálsum hugbúnaði á vefsvæðið.

### A.3 Aðgerðir í tengslum við innkaup og endurnýtingu hugbúnaðar

#### A.3.1 Aukin áhersla verði sett á frjálsum hugbúnað í háskólum landsins

**Lýsing:** Árangursmarkmiðum háskóla vegna samninga við mennta- og menningarmálaráðuneyti verði breytt á þann veg að árangur háskóla miðist einnig við að kennt verði bæði á frjálsum hugbúnað og séreignarhugbúnað. Auk þess verði það sett sem hluti af árangursmarkmiðum háskóla að frjálsum hugbúnaður verði nýttur við kennslu í tölvunarfræði og forritun þannig að auknir kennslumöguleikar frjálsum hugbúnaðar verði nýttir í háskólanámi og nemendur þannig betur undirbúnir fyrir atvinnulífið. Þetta er gert í þeim tilgangi að gefa nemendum tækifæri til að kynnast innviðum stórra, frjálsum hugbúnaðarverkefna og hugbúnaðarlausnum sem undirbýr þá betur fyrir hugbúnaðarþróun í atvinnulífinu. Það á ekki síst við um nemendur sem munu líklega koma að hugbúnaðargerð, svo sem nemendur í tölvunarfræði.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Nemendur í háskólum verði betur undirbúnir til að vinna hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum sem nota frjálsum hugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Útgáfa formlegra árangursmarkmiða og þau kynnt fyrir háskólum.

#### A.3.2 Valið verði frjálst hugbúnaðarleyfi fyrir opinbera aðila

**Lýsing:** Ákveða þarf hvernig skuli standa að leyfismálum hugbúnaðar sem þróaður er af opinberum aðilum. Skilgreina þarf hugbúnaðarleyfi sem opinberir aðilar nýta við hugbúnaðargerð. Taka skal afstöðu til þess hvort þörf sé á að útbúa sérstakt hugbúnaðarleyfi fyrir íslenska stjórnslu eða nýta þekkt leyfi annaðhvort óbreytt eða staðfærð/þýdd. Dæmi um frjálsum hugbúnaðarleyfi eru opinbera Evrópusambandsleyfið (EUP), GPL, AGPL, BSD, Apache. Einnig er hægt að skoða önnur leyfi sem Frjálsa hugbúnaðarstofnunin (FSF) og/eða Opið hugbúnaðarfrumkvæði (Open Source Initiative) hafa samþykkt.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Velja frjálsum hugbúnaðarleyfi sem henta vel í opinberum rekstri og tryggja endurnýtingu.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar valin hafa verið frjálsum hugbúnaðarleyfi sem henta vel í opinberum rekstri.

#### A.3.3 Framkvæmd verði könnun um notkun hugbúnaðar í opinberum rekstri

**Lýsing:** Verkefnastjóri gerir könnun meðal marktæks úrtaks opinberra stofnana um notkun á hugbúnaði. Í könnuninni ætti meðal annars að greina hvaða frjálsa hugbúnað opinberir aðilar nota og benda á tækifæri til þess að nýta frjálsum hugbúnað. Greiningin er hluti af því að greina hugbúnað sem gæti nýst fleiri opinberum aðilum. Verkefnið yrði ítarlegra framhald af samantekt Reykjavíkurborgar og Landspítala sem sjá má í kafla 2 og niðurstaðan væri birt opinberlega á vef.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Greina og taka saman notkun á frjálsum hugbúnaði hjá opinberum aðilum.

**Ábyrgðaraðili:** Verkefnastjóri í samvinnu við fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Seinni hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar búið er að setja upp vefsvæði með niðurstöðum athugunar.

### A.3.4 Séð verði til þess að námskrá grunn- og framhaldsskóla geri ráð fyrir notkun á frjálsum hugbúnaði í skólastarfi

**Lýsing:** Farið verður sérstaklega yfir drög að námskrá grunn- og framhaldsskóla með það að leiðarljósi að auka notkun á frjálsum hugbúnaði. Kannað verði hvort einhverjar hindranir kunni að vera í námskrám við innleiðingu frjáls hugbúnaðar í skólastarfi. Skólar verði hvattir til að auka notkun frjáls hugbúnaðar til samræmis við stefnu stjórnvalda ásamt því að skólar verða hvattir til að taka tillit til frjáls hugbúnaðar við val á námsefni og endurmenntun kennara.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Námskrár grunn- og framhaldsskóla geri ráð fyrir að nemendur fái tækifæri til að kynnst og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Útgáfa formlegrar námskrár sem gerir ráð fyrir notkun frjáls hugbúnaðar í skólum.

### A.3.5 Útbúinn verði rammasamningur fyrir þjónustu á hugbúnaði

**Lýsing:** Verkefnastjóri vinnur að því, í samvinnu við Ríkiskaup, að útbúa rammasamninga fyrir þjónustu við frjálsan hugbúnaði í hugbúnaðarflokkum sem eru algengir meðal opinberra aðila. Haldið er útboð um þjónustuna sem endar í rammasamningi við þjónustufyrirtæki á hverju sviði. Verkefnastjóri og Ríkiskaup vinna í sameiningu að því að koma á ferli innan Ríkiskaupa þar sem gert er ráð fyrir að útboðið verði endurskoðað reglulega. Upplýsingum um rammasamninginn er meðal annars miðlað á vefsvæði.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Auðvelda opinberum aðilum að finna og kaupa þjónustu fyrir frjálsan hugbúnað af hæfum fyrirtækjum á hagstæðu verði.

**Ábyrgðaraðili:** Fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar útboði er lokið, búið að semja við aðila og árlegri endurskoðun komið í ferli hjá Ríkiskaupum.

### A.3.6 Samnýtanlegt og opið þýðingarminni vegna þýðinga á hugbúnaði og leiðbeiningum verði gert aðgengilegt

**Lýsing:** Mikil vinna hefur verið unnin við þýðingar tengdar upplýsingatækni og ýmsum hugbúnaði. Þýðingarnar hafa verið unnar af ýmsum aðilum fyrir ýmsan hugbúnað og starfsemi. Mikið af hugbúnaði notast við sömu erlendu orðin og gætu þýðingar þannig nýst á milli mismunandi hugbúnaðar. Mikið hagræði gæti orðið ef hægt væri að gera þýðingar aðgengilegar fyrir alla þá er vinna að þýðingu hugbúnaðar eða efni þeim tengt. Útbúa þarf miðlægt þýðingarminni með þýðingarstrengjum fyrir hugbúnað sem er aðgengilegt öllum.

**Forkröfur:** Vefhýsing.

**Markmið:** Endurnýta og samræma þýðingar og stuðla að því að því að hugbúnaður sé íslenskaður, hvort sem um séreignarhugbúnað eða frjálsan hugbúnað er að ræða.

**Ábyrgðaraðili:** Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar þýðingarminni fyrir hugbúnað hefur verið hannað og gert aðgengilegt.

### A.3.7 Útbúnaar verði leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir frjálsan hugbúnað

**Lýsing:** Útbúa leiðbeiningar fyrir innkaup á hugbúnaði þar sem sérstök áhersla er lögð á hvernig skuli standa að skoðun á frjálsum hugbúnaði og mati á þroskastigi hans. Leiðbeiningarnar geta verið þýddar, teknar saman á upprunalegu máli með íslenskum údrætti eða skrifaðar frá grunni. Verkefnastjóri er ábyrgur fyrir samantekt, þýðingum og gerð leiðbeininga og fræðsluefnis en hver sem er getur sent inn efni sem verkefnastjóri bætir við á vefsíðu. Leiðbeiningarnar og fræðsluefnið getur verið innlend og erlend rit, skýrslur sem og almennar leiðbeiningar, upplýsingar og kennsluefni fyrir einstaka hugbúnaðarlausnir ásamt reynslusögum frá opinberum aðilum sem geta innihaldið raunveruleg dæmi.

**Forkröfur:** Þörf á leiðbeiningum og fræðsluefni. Vefsvæði komið af stað.

**Markmið:** Auka líkur á að frjáls hugbúnaður sé skoðaður við innkaup á hugbúnaði með því að gera leiðbeiningar, fræðsluefni og almennar upplýsingar aðgengilegar. Gera opinberum starfsmönnum kleift að læra á frjálsan hugbúnað upp á eigin spýtur með endurnýtanlegu efni.

**Ábyrgðaraðili:** Fjármálaráðuneyti.

**Tímarammi:** Allt ár 2011.

**Skilgreind verklok:** Verkefni telst lokið þegar þær leiðbeiningar sem þörf er á miðað við hugbúnaðarlista Reykjavíkurborgar, Landspítala og könnunar verkefnastjóra hafa verið gefnar út.

### A.3.8 Stofnað verði vefsvæði fyrir frumkóta (e. source code) opinberra aðila

**Lýsing:** Setja á fót vefsvæði (hugbúnaðargeymslu) þar sem opinberir aðilar geta miðlað þeim frumkótum sem þróaðar eru af opinberum aðilum eða fyrir opinbera aðila. Þetta er mikilvægur þáttur í endurnýtingu fjárfestinga á vegum opinberra aðila. Hugbúnaðargeymslan gæti til dæmis verið vistuð hjá Open Source Observatory and Repository (OSOR) sem rekið er af Evrópusambandinu, þá sem sýndargeymsla (e. virtual forge) eða tengt við OSOR sem samtengd geymsla (e. federated forge). Einnig væri mögulegt að setja upp sérstakt svæði eingöngu fyrir íslenska aðila. Með því verða innlend frjáls og opin hugbúnaðarverkefni sem snúa að íslenskri stjórnslu aðgengilegri og auðfundnari. Þannig skapast meiri líkur á endurnýtingu verkþátta milli hugbúnaðarverkefna.

**Forkröfur:** Samvinna við OSOR og mögulega vefhýsing.

**Markmið:** Tryggja aukna endurnýtingu á hugbúnaði eða hugbúnaðareiningum við þróun á hugbúnaði á vegum opinberra aðila. Gera opinberum aðilum auðveldara að finna innlendan frjálsan hugbúnað sem hefur verið hannaður með íslenskar aðstæður í huga.

**Ábyrgðaraðili:** Forsætisráðuneyti.

**Tímarammi:** Fyrri hluta árs 2011.

**Skilgreind verklok:** Þegar fyrsta útgáfa vefsvæðisins er komin í notkun.

## Viðauki B

### Nánari lýsing á tilmælum

---

#### B.1 Tilmæli í tengslum við miðlun upplýsinga

##### B.1.1 Námsgagnastofnun taki tillit til frjáls hugbúnaðar í námsefni

**Lýsing:** Send verði tilmæli til Námsgagnastofnunar um að farið sé yfir námsefni með tilliti til frjáls hugbúnaðar og hindranir á innleiðingu frjáls hugbúnaðar séu fjarlægðar. Sérstaklega verður Námsgagnastofnun beðin um að áhersla námsefnis sé á verknað og aðgerðir frekar en tiltekna hugbúnaðarlausnir. Þar sem ekki er möguleiki á öðru en að mæla með ákveðnum hugbúnaðarlausnum verði tilmælum beint til Námsgagnastofnunar um að skoða mögulega útgáfu námsefnis sem tengist frjálsum hugbúnaði frekar en séreignarhugbúnaði. Einnig að tekið verði tillit til aukinna möguleika frjáls hugbúnaðar við kennslu.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Námsefni styðji við innleiðingu á frjálsum hugbúnaði hjá grunnskólum. Tryggja að Námsgagnastofnun bjóði upp á námsefni í notkun frjáls hugbúnaðar fyrir skóla sem nýta slíkan hugbúnað.

**Ábyrgðaraðili:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

##### B.1.2 Opnir staðlar notaðir í opinberri stjórnslu

**Lýsing:** Tilmæli gefin út þess efnis að opinberum aðilum beri að nota opna staðla í þeim tilfellum sem opnir staðlar eru til. Þetta á sérstaklega við um stafræn samskipti og þar sem gögn þurfa að vera aðgengileg til lengri tíma.

**Forkröfur:** Sameiginleg niðurstaða með starfshópi um landsumgjörð fyrir samvirkni. Opnir staðlar skilgreindir af starfshópi um landsumgjörð fyrir samvirkni.

**Markmið:** Stuðla að samvirkni og langtíma varðveislu gagna á skjalasniði sem helst opið.

**Ábyrgðaraðili:** Öll ráðuneyti.

##### B.1.3 Endurgjöf og stuðningur við frjáls hugbúnaðarverkefni

**Lýsing:** Þeim stofnunum, sem nota frjálsan hugbúnað, er bent á að taka þátt í þróun slíks hugbúnaðar með því að láta þróunaraðila vita af göllum, virknisóskum og öðrum atriðum til að tryggja að þróun hugbúnaðarins haldi áfram og að notkun opinberra aðila á frjálsum hugbúnaðarverkefnum gagnist þróunaraðilum hugbúnaðarins. Einnig er stofnunum bent á þann möguleika að styrkja frjáls hugbúnaðarverkefni. Annaðhvort með fjárveitingum til núverandi forritara eða með vinnu opinberra starfsmanna til þess að lagfæra eða tilkynna hugbúnaðargalla eða með því að tilkynna eða vinna úr kröfum sem koma upp við notkun hugbúnaðarins. Þegar frjáls hugbúnaðarverkefni eru í notkun hjá opinberum stofnunum verður hið opinbera að styðja við verkefnið til þess að halda því gangandi.

**Forkröfur:** Engar.

**Markmið:** Ríki og sveitarfélög verði þátttakendur í samfélagi um frjálsan hugbúnað og bæði þiggi og gefi til baka til samfélagsins.

**Ábyrgðaraðili:** Öll ráðuneyti.

## B.2 Tilmæli í tengslum við innkaup

### B.2.1 Frjáls hugbúnaður nýtur forgangs í styrkjaúthlutunum

**Lýsing:** Mælt er til að þess að styrkjaumsóknir sem fela í sér útgáfu frjáls hugbúnaðar fái forgang á umsóknir sem miða að útgáfu séreignarhugbúnaðar. Tilmælin ná yfir alla styrki á vegum opinberra aðila. Þar sem ekki gefst kostur á því að gefa hugbúnað út undir frjálsum hugbúnaðarleyfum skal setja fram áætlun um möguleika til endurnýtingar þess hugbúnaðar sem þróaður er.

**Forkröfur:** Hugbúnaðargeymsla sett á laggirnar og tilmæli um að hugbúnaðarþróun opinberra aðila verði frjáls hugbúnaður.

**Markmið:** Tryggja að fjárveitingar á vegum hins opinbera gagnist samfélaginu í heild sinni en ekki einstaka aðilum.

**Ábyrgðaraðili:** Öll ráðuneyti.

### B.2.2 Hugbúnaður sem er þróaður fyrir opinbert fé verði frjáls hugbúnaður

**Lýsing:** Allur hugbúnaður sem þróaður er fyrir opinbert fé, fyrir eða af opinberum stofnunum, verði gefin út undir frjálsum hugbúnaðarleyfi. Stofnanir og þróunaraðilar verða einnig hvattir til þess að nýta frjálssar lausnir að hluta eða í heild sinni í hugbúnaðarþróuninni. Þeir aðilar sem þróa hugbúnað fyrir opinberar stofnanir, hvort sem um starfsmenn eða verktaka er að ræða, skrifa undir samning þess efnis að afurðir vinnu þeirra verði gefnar út undir þar til gerðum leyfum. Í þeim tilvikum þar sem ekki er möguleiki á að nota frjálsum hugbúnaðarleyfi skal setja fram áætlun um möguleika til endurnýtingar þess hugbúnaðar sem þróaður er.

**Forkröfur:** Hugbúnaðargeymsla sett á laggirnar.

**Markmið:** Auka samvinnu milli stofnana og samfélags, til að koma í veg fyrir tvíverknað og lækka þróunarkostnað.

**Ábyrgðaraðili:** Öll ráðuneyti.

## Viðauki C

### Skipunarbréf

---

Í skipunarbréfi til nefndarmanna undirrituðu af Ragnhildi Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra og Guðbjörgu Sigurðardóttur, skrifstofustjóra segir:

„Stefnan, Frjáls og opinn hugbúnaður - stefna stjórnvalda, var samþykkt í ríkisstjórn í mars 2008. Henni fylgdi aðgerðaáætlun sem síðan hefur verið unnið eftir jöfnum höndum. Undanfarið hefur farið fram talsverð umræða um notkun frjáls og opins hugbúnaðar sem valkost við séreignarhugbúnað. Margar opinberar stofnanir íhuga nú að taka upp frjálsan hugbúnað í því skyni að hagræða í rekstri. Mikilvægt er að opinberir aðilar vinni saman að slíkri innleiðingu og nýti reynslu og þekkingu hvers annars þannig að hugsanleg innleiðing á frjálsum hugbúnaði í ríkisrekstri verði farsæl og skili þeim árangri sem til er ætlast. Í ljósi framangreindra atvika hefur forsætisráðuneyti ákveðið að skipa vinnuhóp um innleiðingu frjáls og opins hugbúnaðar í opinberri stjórnsýslu. Honum er ætlað að gera tillögur að aðgerðaáætlun um innleiðingu á frjálsum og opnum hugbúnaði í opinberum rekstri. Í því felst m.a. að gera tillögur um val á hugbúnaði sem vel er til þess fallinn að nota í opinberum rekstri, velja samstarfsaðila, skipuleggja og framkvæma frumgerðarverkefni og gera langtímaáætlun.

Þér eruð hér með skipuð/skipaður í vinnuhópinn. Hópurinn er þannig skipaður: Haraldur Bjarnason, fjármálaráðuneyti sem jafnframt er formaður, Björn Sigurðsson, forsætisráðuneyti, Kristín Jónsdóttir, menntamálaráðuneyti, Hugi Þórðarson, Umferðarstofu sem er fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Björn Jónsson, Landspítala-háskólasjúkrahúsi sem er fulltrúi heilbrigðisráðuneytis og Hjörtur Grétarsson, Reykjavíkurborg sem er fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vinnuhópurinn skal skila forsætisráðherra fyrstu tillögum að aðgerðaráætlun fyrir 1. október 2010 og vinna að innleiðingu og framkvæmd verkefna árið 2011.

Ekki verður greidd þóknun fyrir störf vinnuhópsins.“





## Viðauki D

### Listi yfir aðila sem komu á fund vinnuhóps

---

#### D.1 Opinberir aðilar

- Ríkisendurskoðun, Albert Ólafsson og Hólmfríður S. Jónsdóttir.
- Ríkiskaup, Guðmundur Hannesson.

#### D.2 Einkaaðilar

- 1984 - Hýsing og kerfisrekstur.
- Basis - Stærri kerfisrekstur.
- Emstrur - Drupal veflausnir.
- ESA Ráðgjöf - Greining, skjalastjórnun og málaskrárkerfi.
- Idega - Íslenskt Vefumsjónarkerfi.
- Íbúar - Samráðskerfi.
- Íkon - Hugbúnaðarveita og kerfisrekstur.
- Kerfisþróun - Zimbra, OpenOffice.org og önnur notendakerfi.
- Nethönnun - Moodle kennsluumsjónarkerfið og aðrar veflausnir.
- Opin kerfi - Stærri kerfi.
- SIP - Símkkerfi.
- Skýrr - Samþættingarlausnir og stærri kerfi.
- TM Software - Samþættingarlausnir og stærri kerfi.